

**Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2015  
milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins  
og Fjölbautaskólans í Garðabæ**

**a. Markmið**

1. Lokið verði við að færa allar brautir inn í námskrárgrunn ráðuneytisins.
  - a. Sex stúdentsbrautir og viðeigandi áfangalýsingar verða settar í grunninn á vorönn 2013.
  - b. Samdar verði styttri útgáfur allra brauta fyrir lok skólaárs 2014.
  - c. Opin braut og tónlistarbraut verði kláraðar á haustönn 2013.
2. Almennur hluti skólanámskrár verður endurskoðaður á vorönn 2013 í samræmi við aðalnámskrá.
  - a. Almenni hlutinn verður birtur á vef skólans á haustönn 2013.
3. Rekstur skólans verði í samræmi við fjárlög á samningstímanum.
4. Hafið verði samstarf við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar á vorönn 2013 í því skyni að golfiðkendur verði þáttakendur í afrekssviði FG.
  - a. Golfiðkendur verði þáttakendur frá haustönn 2013
5. Haldið verði málþing á vorönn 2013 með þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna FG.
  - a. Sérstök áhersla verði á þá stefnu og þau gildi sem skólinn vill hafa í hávegum.
6. Gerð verði þarfagreining á fræðslu í FG á vorönn 2013 og fræðslu- og endurmenntunaráætlun FG verði endurskoðuð á skólaárinu 2013-2014.
7. Starfsmenn fari í skólaheimsókn til Bandaríkjanna á haustönn 2013.
8. Gert verði áatak til að bæta tölvukost skólans á samningstímanum.
  - a. Tölvur verði teknar á rekstrarleigu fyrir bókasafn og tölvustofu frá skólaárinu 2013-2014.
  - b. Þráðlausum rýmum verði fjöldað og fjöldi þeirra viðunandi vorið 2014.
  - c. Verkefnastofum verði fjöldað á næstu tveimur árum.
9. Tekið verði upp skráningakerfi ráðuneytisins varðandi brottfall nemenda á vorönn 2013.

**b. Tímabundin verkefni.**

1. Styrkur til að taka upp nýja námskrá. Ráðuneytið veitir FG styrk að upphæð 7 milljónir til að:
  - a. Færa FG að því skipulagi og áherslum um grunnþætti og lykilhæfni sem kveðið er á um í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011.
  - b. Aðlaga allar allar námsbrautir og námsáfanga skólans að ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla 2011.
  - c. Þróa opna braut og tónlistarbraut.
  - d. Setja nýjar brautalýsingar og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins.
  - e. Allir nýnemar haustið 2012 hefji nám á nýjum námsbrautum.